

Uppsveitir Árnessýslu og Flóahreppur

Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur

Fundargerð

Nefnd: Skipulags- og byggingarnefnd

Nr. fundar: 9

Dags: 28.01.2009

Fundarmenn: Margeir Ingólfsson (Bláskógabyggð), Ingvar Grétar Ingvarsson (Grímsnes-og Grafningshr.), Sigurður Ingi Jóhannsson (Hrunamannahr.), Gunnar Örn Marteinnsson (Skeiða-og Gnúpverjahr.) Aðalsteinn Sveinsson (Flóahr.), Pétur Ingi Haraldsson (skipulagsfulltrúi), Helgi Kjartansson (byggingarfulltrúi)

Mál fyrir fundi

Nr. 1

Málsnr. 200809521093 **Svf.** Hrunamannahreppur

Heiti máls Svanabyggð lóð nr. 7 - lóðablað

Lögð fram eftir grenndarkynningu tillaga að breytingu á deiliskipulagi fristundabyggðarinnar Svanabyggð. Í breytingunni felst að lóð nr. 7 stækkar til norðurs og suðurs úr 2.211 fm í 3.524 fm. Ein athugasemd barst á kynningartíma. Samþykkt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Skipulagsfulltrúa falið að svara athugasemd.

Nr. 2

Málsnr. 200901431418 **Svf.** Hrunamannahreppur

Heiti máls Heiðarbyggð D- 6

Þjóðskr.nr. 8710-01-12400060

Teg. bygg. Sumarhús

Eigandi Þórður Magnússon 150549-4939 Ægissíðu 72 107 Reykjavík

Lýsing Gestahús á einni hæð úr timbri. Fyrir er á lóðinni 54,3 ferm sumarhús

Stærðir 30.0 m2 100.5 m3 **Hönnuður** Guðmundur Magnússon

Afgreiðsla *Samþykkt*

Nr. 3

Málsnr. 200812371356 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur

Heiti máls Lokastígur Ásgarðslandi

Þjóðskr.nr. 0

Teg. bygg. Sumarhús

Eigandi Örn Óskarsson ofl

Lýsing Lagt fram bréf nokkurra lóðarhafa í Ásgarðs og Búrfellslandi þar sem farið er þess á leit að gámar við Lokastíg verði fjarlægðir

Stærðir 0.0 m2 0.0 m3 **Hönnuður** 0

Afgreiðsla *Málið er í farvegi hjá lögfræðingi sveitarfélagsins og Byggingarfulltrúa falið að vinna áfram í málinu í samvinnu við hann.*

Nr. 4

Málsnr. 200812811328 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur

Heiti máls Tjarnarlaut 19

Þjóðskr.nr. 8719-03-3515-0190

Teg. bygg. Sumarhús

Eigandi Niðjar ehf 4107993409 Hamraborg 20 200 Kópavogur

Lýsing Viðbygging við eldra sumarhús

Stærðir 0.0 m² 0.0 m³ **Hönnuður** Benjamín Magnússon

Afgreiðsla *Samþykkt að grenndarkynninga byggingarleyfið skv. 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga fyrir aðliggjandi lóðarhöfum.*

Nr. 5

Málsnr. 200812831359 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur

Heiti máls Víðibrekka 3

Þjóðskr.nr. 8719-01-2430-0030

Teg. bygg. Sumarhús

Eigandi Kristina Tysenco 0305742659 Heiðmörk 3 800 Selfoss

Lýsing Stækkun á sumarhúsi og gestahús Eftir stækkun verður sumarhúsið 148,6 m² og 533,1 m³

Stærðir 73.6 m² 261.7 m³ **Hönnuður** Kristján Bjarnason

Afgreiðsla *Byggingarfulltrúa falið að gera ráðstafanir til að láta fjarlægja óleyfisbyggingar á lóðinni.*

Nr. 6

Málsnr. 200901211433 **Svf.** Bláskógabyggð

Heiti máls Haukadalur 4 167101

Þjóðskr.nr. 8721-02-00044003

Teg. bygg. Atvinnuhúsnaði

Eigandi Hótel Geysir ehf 4812932519 Geysir Haukadal 801 Selfoss

Lýsing Stækkun á verslunar- og þjónustumiðstöð. Húsið er byggt úr steinsteypu

Stærðir 1628.5 m² 9051.0 m³ **Hönnuður** Emil Þór Guðmundsson 2804563499

Afgreiðsla *Samþykkt að grenndarkynna byggingarleyfistillöguna skv. 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga fyrir aðliggjandi lóðarhöfum.*

Nr. 7

Málsnr. 200901831423 **Svf.** Flóahreppur

Heiti máls Arabær 165464

Þjóðskr.nr. 8722-04-00012000

Teg. bygg. Íbúðarhús

Eigandi Arabær sf. 510407-1050 Arabær 801 Selfoss

Lýsing Íbúðarhús á einni hæð úr timbri

Stærðir 65.4 m² 214.1 m³ **Hönnuður** Eiríkur Vignir Pálsson

Afgreiðsla *Samþykkt*

Nr. 8

Málsnr. 20080797905 **Svf.** Flóahreppur

Heiti máls Langholt III

Þjóðskr.nr. 8722-02-00040001

Teg. bygg. Gripahús

Eigandi Baldur Eiðsson 0506726039 Langholt III 801 Selfoss

Lýsing Sótt um endurnýjun á byggingarleyfi frá 2004

Stærðir 150.0 m² 588.2 m³ **Hönnuður** Jón H. Gíslason

Afgreiðsla *Samþykkt og Byggingarfulltrúa falið að svara athugasemd.*

Nr. 9

Málsnr. 200809721119 **Svf.** Hrunamannahreppur

Heiti máls Dsk Ásabyggð - frístundabyggð

Lögð fram eftir auglýsingu tillaga Teiknistofu Arkitekta að deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Ásabyggð við Flúðir. Um er að ræða fullbyggt hverfi þar sem ekki hefur verið í gildi fomlegt deiliskipulag. Tillagan var í kynningu frá 23. október til 20. nóvember með athugasemdafresti til 4. desember 2008. Tillagan er nú lögð fram með ákveðnum breytingu eftir auglýsingu, bæði á skilmálum og afmörkun nokkurra lóða. Samþykkt skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Skipulagsfulltrúa falið að svara athugasemd.

Nr. 10

Málsnr. 200809901115 **Svf.** Hrunamannahreppur

Heiti máls Efra-Sel - Sléttubyggð, ný frístundabyggð

Lögð fram eftir auglýsingu tillaga Verkfræðistofu Suðurlands að deiliskipulagi 7 lóða frístundabyggðar sem kallast Sléttubyggð. Skipulagssvæðið er 4,2 ha að stærð og liggur upp að frístundabyggðinni Svanabyggð að norðanverðu. Tillagan var í kynningu frá 23. október til 20. nóvember með athugasemdafresti til 4. desember. Engar athugasemdir bárust en tillagan lögð fram með smávægilegum breytingum. Samþykkt skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Nr. 11

Málsnr. 200901281438 **Svf.** Hrunamannahreppur

Heiti máls Flúðir - tjaldsvæði dskbr

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi tjald- og þjónustusvæðis á Flúðum. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir þjónustuhús/klósett færist til, annar stækkar auk þess sem skilmálar annarra byggingarreita fyrir þjónustuhús rýmka. Samþykkt skv. 2. mgr. 26. gr skipulags- og byggingarlaga.

Nr. 12

Málsnr. 200810941186 **Svf.** Hrunamannahreppur

Heiti máls Syðra-Langholt IV - Holtabyggð, lóð 308

Lögð fram að lokinni grenndarynningu tillaga að breytingu deiliskipulagi Holtabyggðar í landi Syðra-Langholts IV. Breytingin nær til lóðar nr. 308 og felst í að byggingarreitur stækkar og ekki er gerð krafa um mænisstefnu. Skilmálar svæðisins breytast ekki. Ein athugasemd barst á kynningartíma. Samþykkt skv. 2. mgr. 26. gr skipulags- og byggingarlaga. Skipulagsfulltrúa falið að svara aths

Nr. 13

Málsnr. 200808591037 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur

Heiti máls Hæðarendi, Selhóll - Breyting á deiliskipulagi, lóð nr. 3095

Lögð fram eftir grenndarkynningu tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hæðarenda (Selhóll). Breytingin nær yfir rúmlega 3 ha lóð við Skyggisbraut (nýtt nafn) og er henni skipt í tvær jafnstórar lóðar. Ein athugasemd barst á kynningartíma. Fyrir liggur upphaflegt afsal lóðarinnar ásamt meðfylgjandi uppdrætti. Afgreiðslu frestað

Nr. 14

Málsnr. 200810751203 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur

Heiti máls Úlfjótuvatn, útilífsmiðstöð skáta - Breyting á deiliskipulagi

Lögð fram tillaga Landmótunar að deiliskipulagi við Úlfjótuvatns í Grímsnesi, á umráðasvæði Skáta. Í tillögunni er gert ráð fyrir þremur byggingarreitum utan um hús sem flutt hafa verið á staðinn frá Nesjavöllum. Samþykkt að auglýsa skipulagstillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga

Nr. 15

Málsnr. 200901391420 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur

Heiti máls Þóroddstaðir lóð nr. 12 - deiliskipulagsbreyting

Lögð fram fyrirspurn eigenda lóðar nr. 12 (15) í frístundabyggð í landi Þóroddstaða um leyfi til að reisa allt að 40 fm aukahús innan núverandi byggingarreitar. Á lóðinni er í dag um 34 fm frístundahús. Samþykkt að auglýsa breytingu á skilmálum svæðisins skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga

Nr. 16

Málsnr. 20071270514 **Svf.** Bláskógabyggð

Heiti máls Dsk.br. Úthlíð II - Guðjónshvammur 1-5

Lögð fram endurskoðuð tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóða við Guðjónshvamm 1-5 í Úthlíð. Í breytingunni felst að ein lóð bætist við auk þess sem afmörkun og stærð fjögurra lóða breytist lítillaga. Samþykkt að auglýsa skipulagstillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga

Nr. 17

Málsnr. 200901671373 **Svf.** Bláskógabyggð

Heiti máls Einiholt 1 - landskipti

Lagt fram lóðablað yfir Einiholt landnr. 167081 þar sem óskað er eftir að nýrri 93.285 fm spildu verði skipt úr jörðinni. Stærð jarðar eftir skipti verða 384,8 ha. Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga

Nr. 18

Málsnr. 200810901189 **Svf.** Bláskógabyggð

Heiti máls Reykholt / Kistuholt - breyting á deiliskipulagi

Lögð fram eftir grenndarkynningu tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Kistuholt í Revkholti. Bláskógabyggð. Í

breytingunni felst að ekki er lengur gert ráð fyrir bílageymslum á lóð nr. 10 og 14 sem ætlaðar voru íbúðum nr. 10, 12, 14 og 16 við Kistuholt heldur er gert ráð fyrir að á lóð nr. 25 verði bílageymslur fyrir þessar íbúðir. Athugasemd barst á kynningartíma. Samþykkt með áorðnum breytingum sem gerðar voru í samræmi við framkomnar athugasemdir á kynningartímanum

Nr. 19

Málsnr. 200901911421 Svf. Bláskógabyggð

Heiti máls Úthlíð II_ dælustöð fyrir OR - deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Úthlíð. Gert er ráð fyrir lóð undir allt að 70 fm dælustöð við Skarðaveg rétt Miðbrún. Samþykkt að auglýsa skipulagstillöguna skv. 25. gr. skipulags og byggingarlaga

Nr. 20

Málsnr. 200901411440 Svf. Öll sveitarfélög

Heiti máls Afgreiðslufundur Byggingafulltrúa 2009

Samþykkt

Nr. 21

Málsnr. 200901651434 Svf. Öll sveitarfélög

Heiti máls Ársskýrsla 2008

Lögð fram skýrsla skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa fyrir 2008. Samþykkt kostnaðarskipting vegna ársins 2008 skv. tillögu 2 sem lögð er fram á fundinum. Þar er gert ráð fyrir að fastur kostnaður sé 15%, vegna byggingarleyfa 60%, vegna skipulagsmála 25%.